

Ársskýrsla Bókmennta- og listfræðastofnunar 2017

A. Starfsemi og útgáfa

Stjórn

Á aðalfundi 2. júní 2017 lét fyrri stjórn af störfum en hún var skipuð þeim Benedikt Hjartarsyni formanni, Ásdísi Egilsdóttur varaformanni og Guðrúnu Steinþórsdóttur doktorsnema. Á fundinum var kosin ný stjórn til þriggja ára (2020) en hana skipa þau Sveinn Yngvi Egilsson formaður, Sif Ríkharðsdóttir varaformaður og Ingibjörg Þórisdóttir doktorsnemi.

Fjárhagur og skuldbindingar

Stofnunin stendur á ákveðnum tímamótum. Tekjur B&L hafa minnkað ört á síðustu árum vegna þess að árlegt framlag til stofnunarinnar hefur verið skorið niður jafnt og þétt og því miður er ekki útlit fyrir að það breytist í náinni framtíð. Árlegt framlag 2017 var 1.071.985 kr. og framlagið í ár (2018) er aðeins 683.214 kr. Fjárhagsstaðan í árslok 2017 var jákvæð um 723.944 kr. Eftir uppgjör útgáfurita B&L frá 2017 (og 2016) er staðan fyrir aðalfund í mars 2018 aftur á móti orðin neikvæð um 1.615.359 kr. (millifærsla til HÚ að upphæð 3.422.517 kr.). Fyrirséð er að hún verði orðin neikvæð um rúmar 2 millj. kr. innan skamms þegar 600 þús. kr. (200 + 400 þús. kr.) verða millifærðar til HÚ vegna bókar sem flyst þangað (sjá *Rit í vinnslu*). Niðurskurðurinn setur því útgáfuna í uppnám. Samkvæmt ályktun á fundi stjórnar Hugvísindastofnunar 12. desember 2017 er rannsóknastofnunum á Hugvísindasviði óheimilt að stofna til skuldbindinga umfram fjárhagsgetu. Ekki verður því hægt að skuldbinda stofnunina frekar meðan fjárhagsstaðan er neikvæð og gera nýja útgáfusamninga sem hafa kostnað í för með sér fyrir B&L.

Útgáfa og fyrirlestrar 2017

Hins vegar liggja fyrir samningar frá fyrri árum um útgáfu á sjö verkum og þrjú þeirra komu út árið 2017: *Orðaskil. Í heimi þýðinga* eftir Ástráð Eysteinnson, *Órlogasaga Eyfirðings* – Jonas Rugman – fyrsti íslenski stúdentinn í Uppsölum. *Málsvörn menningaröreiga* eftir Heimi Pálsson og *Tracks in Sand. Featuring the Modernism in the Work of Sculptor Sigurjón Ólafsson* í ritstjórn Æsu Sigurjónsdóttur. Auk þess styrkti B&L á árinu sýnisbók ritlistarnema *Í hverju ertu?* en bar annars engan kostnað af útgáfunni. Ritlistarnemar hafa gefið út sambærileg rit á undanförunum árum undir handleiðslu Sigþrúðar Gunnarsdóttur. Þrátt fyrir fjárhagsörðugleika var útgáfan því fjölskrúðug á árinu 2017 og viðfangsefnin – þýðingafræði, íslensk fræði, listfræði og ritlist – sýna vel breiddina í starfi stofnunarinnar. Auk útgáfunnar styrkti B&L fyrirlestur fræðimannsins Stephens Wilmer um írsku leiklist 3. maí 2017 og fyrirlestur fræðikonunnar Anne Mulhall um hinseginfræði 4. september 2017. Stofnunin

styrkti einnig alþjóðlega ráðstefnu um sársauka sem haldin var 1.–3. september 2017.

Lager og rafrænn aðgangur

Háskólaútgáfan flutti af Dunhaganum yfir í aðalbyggingu HÍ á árinu og við það minnkaði lagerrými hennar verulega. Höfundar og ritstjórar á vegum B&L voru hvattir til að taka til sín eintök og margir urðu við því. Lagerkostnaður stofnunarinnar ætti því að minnka til muna en hann hefur íþyngt henni um árabíl. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn vinnur nú að því í samstarfi við HÚ að koma fræðiritum í rafrænan aðgang (Open Access) og stefnt er að því að eldri árgangar af ritröðinni Studia Islandica verði þar á meðal.

Verkefni og hlutverk – til umræðu

Fyrir nokkrum árum var samþykkt á aðalfundi að stofnunin héldi ráðstefnu um íslenska bókmenntafræði og vonandi verður af því áður en langt um líður. Ef til vill væri það viðráðanlegra að halda nokkur minni málþing sem til dæmis væru helguð ákveðnum árum í sögu íslenskrar bókmenntafræði eða samleik sjónrænna miðla – myndlistar, kvikmynda – og bókmennta eða ritlistar. Æskilegt væri að stofnunin sinnti sameiginlegum verkefnum af þessu tagi sem þurfa ekki að vera fjárfrek en stuðla að fræðilegri umræðu og samnýta þá sérþekkingu sem félagar hennar búa yfir. Stofnunin þyrfti að endurskilgreina sig og finna sér nýtt hlutverk nú þegar þrengir að í útgáfumálunum sem hafa verið snar þáttur í starfseminni um langa hríð.

B. Útgáfumál

Rit í vinnslu

Fyrri stjórn gerði samninga um útgáfu á fjórum verkum auk þeirra sem áður voru talin. Þetta eru doktorsritgerðir Öldu Bjarkar Valdimarsdóttur og Þrastar Helgasonar, meistararitgerð Gunnars Þorra Péturssonar og ritgerðasafn um sálgreiningu í ritstjórn Benedikts Hjartarsonar o.fl. Miðstöð íslenskra bókmennta hefur styrkt þessi verk sem hér segir: Ritgerð Öldu Bjarkar um 400 þús. kr. (úthlutun 2015 – framlengt til 1. júlí 2018), ritgerð Þrastar um 270 þús. kr. (úthlutun 2016), ritgerð Gunnars Þorra um 270 þús. kr. (úthlutun 2016) og ritgerðasafn um sálgreiningu um 300 þús. kr. (úthlutun 2017).

Bók Öldu Bjarkar er lengst komin í vinnslu og málin hafa þróast þannig að hún vill sjálf fá útgáfuréttinn og er nú að semja beint við Háskólaútgáfuna. Hún tekur því fjárhagslega ábyrgð á bókinni og fær hagnaðinn ef einhver verður. B&L verður þá ekki útgefandi heldur styrktaraðili bókarinnar (leggur fram 200 þús. kr. auk þess sem 400 þús. kr. styrkurinn frá MÍB fylgir bókinni yfir til HÚ). Hugsanlega gætu fleiri höfundar farið þessa leið og það myndi létta fjárhagsbyrði B&L til muna ef stofnunin yrði frekar í hlutverki styrktaraðila en útgefanda. Á aðalfundi þyrfti að ræða þessi mál og marka útgáfustefnu fyrir næstu ár.

Útgáfulistar frá fyrri árum

Þá þyrfti einnig að taka afstöðu til rita sem eru á útgáfulista frá fyrri árum en ekki hefur verið samið formlega um. Skv. skýrslu áráanna 2015–2016 (lögð fram 2. júní 2017) er um að ræða eftirtalin rit sem miðað var við að kæmu út 2019 og síðar:

1. Guðni Elísson: Greinasafn um íslenskt menningarástand á 21. öld. (Með 500 þús. kr. í styrk.)
2. Ingibjörg Sigurðardóttir: *Ævi og störf Ingibjargar Stefánsdóttur leikkonu* (ritstjóri Davíð Ólafsson). – Sú breyting hefur orðið á stöðu þessa rits að höfundurinn ákvað síðla árs 2017 að snúa sér beint til Háskólaútgáfunnar, þannig að ritið er ekki lengur á útgáfulista B&L.
3. Þýðingar í listfræði í umsjón Margrétar Elísabetar Ólafsdóttur og Benedikts Hjartarsonar. Þýðingar. Fékk þýðingarstyrk. – Sú breyting hefur orðið á stöðu þessa rits að þýðingarstyrkurinn var afturkallaður 2017 þar sem bókin kom ekki út á tilsettum tíma.
4. A.C. Bradley: *Harmleikir Shakespeares*, í þýðingu Helga Hálfðanarsonar (ritstjóri Ástráður Eysteinnsson).

Útgáfa síðar (skv. skýrslu áráanna 2015–2016):

1. *2008: Sögur af hrúni* í umsjón Guðna Elíssonar og Jóns Ólafssonar. Óljóst um ritröð. Á sínum hraða.
2. Greinasafn um Sigurð Pálsson (ritstjórar Bergljót Kristjánsdóttir og Guðrún Nordal). Höfundar. Á sínum hraða.
3. Díalógar Gregoríusar. Umsjón Sverrir Tómasson. Gæti fallið að ritröðinni Íslensk trúarrit. Á sínum hraða.
4. Úrval verka Ólafar frá Hlöðum í umsjón Helgu Kress. Íslensk rit. Á sínum hraða.

Aðsend handrit

Stofnunin hefur lengi tekið við aðsendum handritum eftir aðra en féлага sína og gefið út ef ástæða hefur þótt til. Á síðasta áratug hefur að jafnaði komið út eitt rit af þessu tagi á ári og sérstök ritröð hefur verið stofnuð þar sem enn sem komið er hafa aðeins birst verk eftir höfunda utan stofnunarinnar (Íslenskir leikstjórar). Stofnunin hefur ítrekað gefið út verk eftir sömu höfundana úr þessum hópi og sumir þeirra hafa haft samband við núverandi stjórn með frekari útgáfu í huga. Þó að verk slíkra höfunda geti haft ýmislegt til síns ágætis fræðilega skila þau litlu fjárhagslega, ólíkt birtingum féлага í B&L sem skila Hugvísindasviði tekjum gegnum rannsóknarstig. Stofnunin getur því ekki lengur tekið við aðsendum handritum eða gefið út verk sem standa ekki undir sér fjárhagslega.

C. Ársreikningur 2017 – dreift á sér blaði